

Re: Íþróttahúsið á Torfnesi - breyting á tímatöflu

Til : hsv@hsv.is <hsv@hsv.is>
Frá : Guðfinna Hreiðarsdóttir <gudhreids@gmail.com>
CC : Nanný Arna Guðmundsdóttir <nannyag@isafjordur.is>; Hafdís Gunnarsdóttir <hafdisgu@isafjordur.is>; shiran.thorisson@gmail.com <shiran.thorisson@gmail.com>; Þórir Guðmundsson <toggi8@gmail.com>; blakdeild@vestri.is <blakdeild@vestri.is>; signytholl@gmail.com <signytholl@gmail.com>; sollaulfsa@gmail.com <sollaulfsa@gmail.com>; nonnipje@simnet.is <nonnipje@simnet.is>
Heiti : Re: Íþróttahúsið á Torfnesi - breyting á tímatöflu
Málsnúmer : 2024030029
Málsaðili : Ísafjarðarbær - íþróttamannvirki
Skráð dags : 03.01.2025 23:10:24
Höfundur : Guðfinna Hreiðarsdóttir <gudhreids@gmail.com>

Sæll Sigurður, takk fyrir skjótt og ýtarlegt svar.

Varðandi mild og óveruleg áhrif á starf deilda innan Vestra þá er það mörgu leyti rétt og þá einkum hvað varðar yngri flokkana sem lítið sem ekkert er hróflað við. Það er þó þannig að fjölgun úthlutaðra tíma hefur í för með sér að síðustu tímarnir á kvöldin eru ekki búnir fyrr en kl. 22.10 og þá er sturtan eftir. Vissulega munar aðeins 20 mínútum frá því sem var en æfingar seint á kvöldin taka sinn toll, sérstaklega fyrir þá sem þurfa að vakna snemma í vinnu eða skóla. Þetta er óhagræði fyrir allar íþróttagreinar. Þessu tengt er breyting á tíma körfunnar á mánudögum sem seinkar um 40 mínútur, þ.e. í stað þess að æfingin byrji kl. 19.50 þá byrjar hún kl. 20.30 og lýkur kl. 22.10 í stað kl. 21.50 áður.

Annað, eins og fram kemur í svari þínu þá eykst fjöldi úthlutaðra tíma til deilda Vestra um 5 af þeim 14 slotum sem verða til við tímabreytinguna. Séu tímarnir hins vegar reiknaðir í mínútum þá sést að ávinningurinn er ekki mikill.

Í greinargerðinni með tillögu stjórnar HSV segir að fyrirsjáanleg reikniregla í úthlutunarreglum sé ein af forsendum þess að þær virki á réttan hátt og að stjórn HSV líti svo á að það verði verkefnið fram á vorið að fullgera slíka reiknireglu. Tekið er undir þessi orð og ítrekaðar efasemdir um breytingu fyrr en þessari vinnu er að fullu lokið. Stjórn HSV og aðildarfélag sem nýta íþróttahúsið á Torfnesi þurfa að vinna þetta verkefni saman, á vettvangi þar sem hægt er að skiptast á skoðunum, ræða mild og óveruleg áhrif, miðla málum, ná niðurstöðu. Það mun auðvitað enginn standa uppi sem sigurvegari en það væri stór sigur fyrir íþróttahreyfinguna ef menn gætu skilað tillögu sem samstaða er um. Ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að vilji sé til þess innan Vestra.

Að lokum, það er mín skoðun að í greinargerðinni með tillögunni séu ýmsar áhugaverðar og gagnlegar vangaveltur um úthlutunarreglur almennt, s.s. skilgreiningar á tímum, gæðum og áhrifaþáttum. Sem sagt, gott vegað inn í vinnuna framundan.

Með kveðju,

F.h. Íþróttafélagsins Vestra,

Guðfinna Hreiðarsdóttir

formaður aðalstjórnar Vestra

mið., 1. jan. 2025 kl. 23:18 skrifaði <hsv@hsv.is>:

| Sæl Guðfinna.

Takk fyrir að lista upp hvernig ferlið í tímatöflumálinu hefði átt að vera, því þar erum við sammála. En þannig fór það víst ekki í haust og afsþyrnu slæg vinnubrögð íþrótt- og tómstundafulltrúa í málinu hafa dregið alvarlegan dilk á eftir sér síðan þá.

Það er mjög margt sem kvarta má yfir, vegna þessa tímatöflumáls, td svörum starfsmanna bæjarins eða öllu heldur skorti á svörum. Það er hinsvegar langt seilst að kvarta undan skorti á samstarfsvilja stjórnar HSV, því síðustu mánuðir hafa verið undirlagðir í samtölum og vangaveltum vegna þessa ömurlega máls.

Í gildandi samstarfssamningi HSV og Ísafjarðarbæjar segir eftirfarandi í grein 6: „Starfsmaður skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar á sviði íþrótt- og æskulýðsmála skal sjá um úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum í samstarfi við stjórn HSV og færa fyrir því rök hvernig tímar raðast í húsin, sé þess óskað.“ Skemmst er frá því að segja að úthlutun tíma var ekki gert í samstarfi við stjórn HSV og þrátt fyrir ítrekaðar óskir um rök fyrir tímaúthlutun, hafa engin svör borist frá starfsmönnum bæjarins.

Við deilum þeirri skoðun að íþróttahúsið sé löngu sprungið fyrir þá starfsemi sem stunduð er hér á sviði íþrótt- og einmitt vegna þess er mikilvægt að skipting tíma á milli íþróttafélaga/greina sé sanngjörn og byggð á góðum og gildum rökum. Stjórn HSV hefur ítrekað í haust óskað eftir skýringum eða rökum fyrir núverandi tímaúthlutun og þar sem þau hafa ekki borist, er það niðurstaða stjórnar HSV, sem sjá má í bréfi dagsett 12 september sl, að úthlutunin hafi ekki verið í samræmi við úthlutunarreglur og að það beri að endurúthluta tímumun.

Í því ljósi er þessi fyrirleggjandi tillaga stjórnar HSV mjög mild og í raun óveruleg áhrif sem breytingin hefur á starf deilda innan Vestra. Því óska ég eftir því að fá mun ítarlegri upplýsingar um það með hvaða hætti það birtist það óhagræði sem sagt er fylgi þessum breytingum á tímatöflunni.

Ítarlegur rökstuðningur fyrir tillögu HSV kemur fram í greinargerð með tillögunni og sýnt er fram á að tillagan sé í samræmi við gildandi úthlutunarreglur og í raun mun meira í samræmi við þær reglur en núverandi úthlutun tíma. Ef fólki finnst skorta einhverjar skýringar þar, get ég vel bætt við sé þess óskað.

Á engann hátt er gengið gegn hagsmunum deilda Vestra með tillögunni. Fjöldi úthlutaðra tíma til deilda Vestra eykst um 5 af þessum 14 slotum, sem fjölga við breytingu á tímalengd úr 60 mínútum í 50. Þrátt fyrir þessa breytingu verður hlutfall æfingatíma körfuboltans á þessum kvöldtímum um 36% af úthlutaðum tímum. Það er langt yfir þeim mörkum sem auðveldlega mætti rökstyðja með klausunni „5. Staða í deild“ (í úthlutunarreglunum), en hlutfall á bilinu 10-20% væri mun eðlilegra í ljósi þess að körfuknattleiksdeild Vestra teflir fram einu meistaraflokkslíði á Íslandsmótum, sem er þá eitt af sjö liðum af starfssvæði HSV í innanhúsi boltagreinum og spilar auk þess í einni af lögstu deildum af þeim fyrrnefndu sjö liðum.

Stjórn HSV er það mikið í mun að laga það ástand sem verið hefur á starfssvæðinu síðan tímatöflumálið kom upp í haust. Það verður ekki gert nema með því að rétta á einhvern hátt hlut handboltans í úthlutaðum tímum. Þeir sem í dag virðast standa helst í vegi fyrir friðsamara ástandi á svæðinu eru í þínum hópi Guðfinna. Til framtíðar litið, þá væri æskilegast að allir legðu sitt af mörkum í að bæta ástandið og komast í að horfa fram á veginn til að efla allt íþróttastarf á okkar svæði.

Að lokum vill ég óska öllum árs og friðar, með þökkum fyrir samstarfið á nýliðnu ári.

Bestu kveðjur

Fyrir hönd stjórnar HSV

Sigurður Hreinsson formaður

On 30-12-2024 15:15, Guðfinna Hreiðarsdóttir wrote:

Til stjórnar HSV, sviðstjóra skóla- og tómstundasviðs og formanns íþrótt- og tómstundanevndar.

Fyrir hönd íþróttafélagsins Vestra og í samráði við forráðamenn þeirra deilda félagsins sem málinu tengjast, þá lýsum við yfir óánægju með þá fyrirætlan að breyta tímatöflunni í íþróttahúsinu á Torfnesi um miðjan vetur með því óhagræði sem því fylgir. Vinnu við tímatöfluna á að vera lokið

áður en æfingar hefjast að hausti, allir vankantar sniðnir af henni fyrir þann tíma og deilumál útkljáð. Íþróttahúsið er löngu sprungið og rúmar ekki nema að hluta þær íþróttagreinar sem þar þurfa að fá inni. Um árabíl hafa tímaúthlutanir verið þannig að allir vilja meira og enginn er sáttur en viðmiðið eru úthlutunarreglur sveitarfélagsins sem hafa það hlutverk að skipta tímum á sanngjarnan hátt með hliðsjón af starfsemi íþróttafélaganna.

Mikilvægt er að allar breytingar sem gerðar eru á tímatöflunni séu gerðar í samráði og samstarfi við íþróttahreyfinguna og að samkomulag sé um endanlega niðurstöðu áður en æfingar hefjast að hausti. Tillaga sú er stjórn HSV kemur með núna í árslok 2024 felur í sér ýmsar breytingar sem eðlilegt væri að taka fyrir í vinnu við tímatöflu fyrir veturinn 2025-2026. Skoða þarf allar breytingar með hliðsjón af úthlutunarreglum sveitarfélagsins, meta hvort ástæða sé til að auka eða fækka tímum íþróttafélaga og rökstyðja endanlega niðurstöðu þannig að öllum sé ljóst á hverju ákvörðun um úthlutun tíma byggist. Af gefnu tilefni þá væri skynsamlegt að hefja þessa undirbúningsvinnu sem fyrst á nýju ári í þeirri von að fullmótuð tímatafla verði tilbúin ekki seinna en um mitt sumar 2025 og íþróttafélögin geti þá skipulagt æfingatöflur skv. henni fyrir komandi haust.

F.h. Íþróttafélagsins Vestra,
Guðfinna Hreiðarsdóttir
formaður aðalstjórnar Vestra

----- Forwarded message -----

Frá: <hsv@hsv.is>

Date: mán., 30. des. 2024 kl. 09:52

Subject: Tímatöflur íþróttahúsa

Sælir forráðamenn innanhús boltagreina.

Ég áframsendi hér á ykkur tillögu stjórnar HSV, sem send var á sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs og formann Skóla-, íþrótt- og tómstundanefndar nú um helgina.

Það er von okkar og trú í stjórn HSV, að tillagan sé til þess bær að leiða til sáttu í hreifingunni á okkar starfssvæði.

Að því sögðu, óskum við ykkur gleðilegs nýs árs með þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Fyrir hönd stjórnar HSV.
Sigurður Hreinsson formaður